

## Guðmundur á Fjalli

### sjötugur.

Sjötugur verður í dag merkisbóndinn Guðmundur Lýðsson í Fjalli á Skeiðum. Bjuggu foreldrar hans, Lýður Guðmundsson og Aldis Pálsdóttir, lengi í Hlið í Gnúpverjahreppi, þar sem nú býr Páll bróðir hans, einn sá besti maður, sem eg hefi kynst um ævina. Guðmundur Lýðsson er maður mjög vel viti þorinn, eins og öll þau systkini, ráðgóður og stjórnsamur. Er óhætt að segja það, að Guðmundur og Guðlaug systir hans, sem gift er Bjarna hreppstjóra Jónssyni í Háholti, hafa mikil áhrif haft til góðs þar í sveit. Guðmundur Lýðsson virðist mjög hafa haft til að bera þá hæfileika, sem góðan kaupmann prýða. Mun hann og hafa haft talsverða löngun til að stunda það starf, og litið svo á sem hann mundi verða stórum fésælli sem kaupmaður í Reykjavík heldur en sem bóndi í sveitinni, enda ekki skort efni til að setja á stofn verslun. En þó fór svo, að hann kaus heldur, að yfirgefa ekki sveitina.

Helgi Pjeturss.

*Útgefið 17. apríl 1907*